

170 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 21 september 2022 kl.10.00 í Ráðhúsinu í Stykkishólmi.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Ragnar Sæmundsson, Líf Lárusdóttir, Elín Gunnarsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson, Sigurbjörg Ottesen. Júníana Óttarsdóttir og Guðný Elíasdóttir boðuðu forföll. Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV sat fundi og ritaði fundargerð.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.10.10

1. Fundargerð 169 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 169 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Kosning varaformanns stjórnar SSV

Kosning varaformanns SSV fyrir kjörtímabilið 2022-2024. Formaður lagði til að Líf Lárusdóttir yrði varaformaður og var tillagan samþykkt samhljóða.

3. Haustþing SSV 2022

Formaður lagði fram og kynnti dagskrá Haustþings SSV 2022.

4. Starfsáætlun SSV 2023

Lögð fram tillaga að starfsáætlun SSV fyrir árið 2023. Stjórn samþykkti að vísa henni til umræðu og afgreiðslu á haustþingi.

5. Fjárhagsáætlun SSV 2023

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun SSV fyrir árið 2023. Stjórn samþykkti að vísa henni til umræðu og afgreiðslu á haustþingi.

6. Ályktanir lagðar fram á Haustþingi SSV 2022.

Kynning á vinnu við ályktanir sem verða lagðar fram á Haustþingi SSV 2022.

7. Almennavarnarnefnd Vesturlands

Lagt fram minnisblað frá framkvæmastjóra um almannvarnarmál á Vesturlandi og fund hans með lögreglustjóranum á Vesturlandi og starfsmanni almannavarnarnefndar. Stjórn samþykkti

að fela framkvæmdastjóra að funda með bæjar- og sveitarstjórum og oddvitum um málefni almannvarnarnefndar Vesturlands.

8. Ungmennaráð Vesturlands

Lagt fram minnisblað varðandi kostnað við að fjölga fundum í Ungmennaráði Vesturlands úr 2 í 4 á ári. Stjórn samþykkti að hækka fjárveitingar til Ungmennaráðs Vesturlands þannig að ráðið gæti fundað allt að fjórum sinnum á árinu 2023.

9. Tilnefning í stafrænt ráð sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur óskað eftir því að landshlutasamtökin tilnefni að nýju fulltrúa í stafrænt ráð. Stjórn samþykkti að tilnefna Sævar Frey Þráinsson bæjarstjóra á Akranesi áfram sem fulltrúa Vesturlands í stafrænt ráð sveitarfélaga.

10. Framlögð mál

- a. Kynning á ferð Grænvangs til Danmerkur, en sveitarstjórnarfulltrúum á Vesturlandi gefst kostur á að fara í ferðina. Stjórn samþykkti að SSV myndi senda atvinnuráðgjafa í ferðina.
- b. Framkvæmdastjóri greindi frá starfsemi NýVest og Gleipnis og hvaða verkefni væru efst á baugi hjá þeim.

Fundi slitið kl.11.30